

Ed.

314. Frumvarp til laga

[152. mál]

um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Helgi F. Seljan.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Launakjör skipaðra ljósmæðra skulu ákveðin með kjarasamningum eða af kjara-
dómi á sama hátt og laun opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 55 28. apríl 1962.

Laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum skulu greidd mánaðarlega úr bæjarsjóði. Laun skipaðra ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða skal greiða að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði. Launin greiða sýslumenn ársfjórðungslega fyrir fram.

Skipaðri ljósmóður, sem falið er um stundarsakir að gegna nágrannaumdæmi, ber að greiða fyrir það byrjunarlaun þess umdæmis.

Ríkissjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin, og ákveður landlæknir í samráði við skólastjóra og aðalkennara Ljósmæðraskóla Íslands, hver þau skuli vera.

2. gr.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi:

Ljósmóðir, sem skipuð er í starf samkvæmt lögum þessum, á rétt á orlofi ár hvert á sama hátt og aðrir opinberir starfsmenn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 1. gr. laga nr. 23 1947, lög nr. 23 1948 og lög nr. 114 1951.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1976 skal hver sýslunefnd endurskoða skiptingu sýslunnar í ljósmæðra-umdæmi, sbr. 2. gr. laganna.

Að endurskoðun lokinni skal sýslunefnd í hverju lögsagnarumdæmi gera ráðherra grein fyrir tillögum um skiptinguna og leita samþykkis hans á þeim.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á þinginu 1971—72 af Páli Þorsteinssyni og Helga F. Seljan. Því var þá vísað til ríkisstjórnarinnar á þeim forsendum, að nýrra ljósmæðralaga væri að vænta. Frv. var endurflutt á þinginu 1974—75 af flutningsmönnum þessa frv. Enn var frumvarpinu vísað til ríkisstjórnarinnar á þeim forsendum, að breytinga væri að vænta. Þar sem enn hólar ekkert á nýjum lögum eða öðrum breytingum, þykir rétt að endurflytja frumvarpið óbreytt með svipaðri greinargerð. Að öðru leyti en þessu var greinargerð fyrra frv. svo sem hér fer á eftir með þeim breytingum einum, sem stafa af setningu nýrrar heilbrigðislöggjafar:

Ljósmæðralög, nr. 17 1933, eru orðin svo gömul, að sum ákvæði þeirra samrýmast ekki þeim öru breytingum í Þjóðfélaginu, sem orðið hafa.

Launakjör ljósmæðra eru í reynd ákveðin með öðrum hætti en lögina mæla fyrir um, enda orðið óhjákvæmilegt, að í framkvæmd sé vikið frá bókstaf laganna að því leyti. Í ljósmæðralögum eru engin ákvæði um orlof ljósmæðrum til handa hliðstætt því, sem aðrir opinberir starfsmenn eiga rétt á samkvæmt lögum.

Í 1. gr. þessa frv. er kveðið svo á, að laun skipaðra ljósmæðra skuli ákveðin með kjarasamningum eða af kjaradómi á sama hátt og laun annarra opinberra starfsmanna.

Samkvæmt 2. gr. frv. á að veita ljósmóður, sem skipuð hefur verið í starf, rétt til orlofs.

Í 2. gr. ljósmæðralaga, nr. 17 1933, segir svo: „Hverri sýslu landsins skal skipta í ljósmæðraumdæmi, og gerir sýslunefnd það með samþykki ráðherra. Skipa skal eina ljósmóður til að gegna hverju umdæmi, og hefur hún þar aðsetur, er sýslunefnd þykir hæfa.“

Með bráðabirgðaákvæði frumvarpsins er lagt til, að á árinu 1976 verði endurskoðuð skipting landsins í ljósmæðraumdæmi. Við þá endurskoðun ber m. a. að taka tillit til sérstöðu einstakra byggðarlaga, fólksfjölda, samgangna innan héraðs sem

og þeirra breytinga, er orðið hafa á læknaþkipan og heilsugæslu. Þar er einmitt sérstaklega að því vikið, að ljósmæður geti veitt aðstoð við almenna heilsugæslu á hinum nýju heilsugæslustöðvum. Það ætti enn frekar að vera staðfesting á nauðsyn nýrra laga um störf ljósmæðra almennt, skyldur þeirra og réttindi.